

R E G L U G E R Ð
um gerð og notkun bifreiða.

72
24. júní

A. Um gerð bifreiða.

1. gr.

1. Engin bifreið má vera þyngri en 6000 kg. með fullum farmi, og þó svo, að ekki komi meiri þungi en 3500 kg. á hvorugan hjólásinn.
2. Eftir tillögum stjórnarvalda þeirra, sem eiga að annast viðhald vega, getur stjórnarráðið ókvæðið, að á tilteknum vegum eða vegaköflum megi ekki nota svo þungar bifreiðar, sem segir í 1., heldur skuli hámark þyngdarinnar þar vera lægra.
3. Í hálku skulu vera keðjur undnar um knúnu hjólin, eða þau útbúin á annan fulltryggilegan hátt, svo að vagninn skriki ekki.
4. Einn hemill að minnsta kosti skal taka á sjálfum afturhjólunum (knúnu hjól-unum), eða á vélahlutum, sem eru fast tengdir við þau.
5. Hornið skal gefa inn djúpan tón á bifreiðum, en háan tón á bishjólum.
6. Í skoðunarvottorð bifreiðar, er jafnan geymist í bifreiðinni, skal skrá:
 - a. Frá hvaða verksmiðju undirvagninn er.
 - b. Verksmiðjunúmer vagnsins.
 - c. Hestorkutölu vélarinnar.
 - d. Eiginþyngd vagnsins í ferðasferu standi með einu varahjóli.
 - e. Fyrir fólksbifreiðar, tölù farþega; fyrir vörubifreiðar, mestu hlassþyngd.
 - f. Breidd bifreiðar.
7. Á sérhverri bifreið skal vera umbúnaður til þess að fyrirbyggja að óviðkomandi maður geti sett vagninn af stað.
8. Undansfarin ákvæði gilda einnig þar, sem ekki er annars getið, um bishjól, að svo miklu leyti, sem þau geta átt við.

B. Um notkun bifreiða.

Umbúnaður, sérstaklega stýris og hemla.

2. gr.

1. Sérhverjum eiganda eða umráðamanni bifreiðar er skylt að halda bifreið sinni vel við, svo að hún sé ætið sem öruggust í akstri. Skal bifreiðin skoðuð af skoðunarmanni samkv. 2. málsg. 4. gr. bifreiðarlaganna, enn fremur skal að jafnaði fylgt þeirri reglu að hver bifreið sé minnst einu sinni á ári hverju rækilega yfirfarin og athuguð af bifylavirkja, endurnýjað og gert við það sem ábótavant er, en síðan skal það viðurkennt af skoðunarmanni.

Ber því öllum slíkum umráðamönnum yfir bifreiðum, einnig þeim, sem hafa afgreiðslu þeirra á hendni, að sjá um að allar þær bifreiðar, er þeir hafa undir höndum, séu fullsærar til notkunar þá er þær eru í akstri og eru leigðar út.

Ökumenn bifreiða, sem vinna hjá öðrum, skulu ætið gæta þess að tilkynna eiganda þegar í stað, þá er bifreiðin að einhverju leyti bilar, eða, vegna slits eða skemmda, fullnægir ekki þeim kröfum, sem gerðar eru til bifreiða.

Nú tilkynnir ökumaður eiganda slika bilun eða slit á bifreið, en ágreiningur verður milli þeirra um það, hvort á rökum sé byggt. Skal þá kalla til skoðunarmann, og sker hann úr um það.

2. Ökumaður skal ætið gæta þess, að stýrisumbúnaður á bifreið hans sé traustur

72 og góður, þannig að auðvelt sé að snúa framhjólunum nægilega mikil til beggja
24. júní hliða. Skal gæta þess að þau sitji rétt á öxli og að hvergi sé verulegt slit eða bilun
né stirðleiki á stýrisumbúnaðinum og að hann sé vel smurður og liðugur.

3. Á hverri bifreið skulu hemlar ætið þvinga jafnt og vel og þannig, að hægt
sé með tiltölulega léttu átaki að láta þá fullþvinga að, þegar stöðva skal bifreiðina.
Ökumaður skal gæta þess, að hemlarnir þvingi jafnmikið á bæði hægri og vinstri
hlið vagnsins. Séu hemlar bæði á fram og afturhjólum bifreiðar, skal þess gætt að
þeir þvingi fyr og meira á afturhjólin. Varast skal að stöðva bifreið snögglega af
hröðum akstri, og að neyta fulls átaks á hemlana að þarflausu. Handhemillinn skal
vera svo öflugur að hann einn út af fyrir sig geti haldið bifreiðinni kyrri í brekku.
Einnig skal vera auðvelt með sama átaki að losa hemilinn.

4. Enginn má taka framhemla úr sambandi og láta þá hætta að verka, nema
brýn nauðsyn krefji vegna frosta, né á nokkurn hátt rýra hemlaútbúnað á bifreiðum
eða með breytingu draga úr orku hemlanna.

Pá heimilast skoðunarmönum að leyfa notkun á bifreiðum frá 1929 eða eldri,
jafnvel þótt framhemlar þeirra verki ekki, ef hemlar að öllu öðru leyti eru öruggir.

5. Hvert bifreiðaverkstæði, eða slík vinnustöð, skal hafa á að skipa minnst
einum vel færum bifvélavirkja, sem rétt hefir til að stýra leigubifreið til mann-
flutninga. Skulu allar viðgerðir, sem framkvæmdar eru á því verkstæði, fara fram
undir eftirliti hans. Hann skal að lokinni viðgerð aka hverri bifreið til reynslu.
áður en hún er látin af hendi til notandans, og er honum óheimilt að afhenda bifreið,
sem er ábótavant eða ekki í góðu ökfærur lagi. Rísi ágreiningur út af framan-
greindum atriðum, sker skoðunarmaður úr.

Umdæmistölumerki.

3. gr.

1. Á hverri bifreið skulu vera tvö umdæmis-tölumerki, annað framan á og
hitt aftan á bifreiðinni. Skal þeim komið fyrir og vel fest á áberandi stað, þar sem
skoðunarmaður tiltekur og má aldrei hylja þau og ekkert má skyggja á þau.

Hvert lögsagnarumdæmi skal einkennt með bókstaf, sem hér greinir:

Reykjavík	R
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	M
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	P
Dalasýsla	D
Barðastrandarsýsla	B
Ísafjarðarkaupstaður og Ísafjarðarsýsla	I
Strandasýsla	T
Húnavaðnssýsla	H
Skagafjarðarsýsla	K
Siglufjarðarkaupstaður	F
Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður	A
Þingeyjarsýsla	P
Seyðisfjarðarkaupstaður og Norður-Múlasýsla	S
Neskaupstaður	N
Suður-Múlasýsla	U
Skaftafellssýsla	Z
Vestmannaeyjakaupstaður	V
Rangárþvallasýsla	L
Árnессýsla	X
Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður	G

Gerð umdæmis tölumerkja, stærð og lögum stafa, skal vera samkvæmt eftirfarandi reglum:

72
24. júní

Merkin skulu vera rétthyrnd, aflöng spjöld 112 mm á hæð úr járni 2 mm þykk.

Stafir skulu vera hvítir, máladoir eða gleraðir með steinskrift á svartan mál-aðan eða gleraðan grunn og stærð stafa skal vera þessi: hæð 80 mm., breidd 50 mm. breidd strika 15 mm. Framan við tölurnar skal mála einkennishókstaf lögsagnar-undæmis og skal vera strik 22 mm langt og 12 mm breitt á milli bókstafs og tölustaфа. Bil milli stafa skal vera að minnsta kosti 10 mm.

Á bifhjólum (tvihjólabifreiðum) skulu spjöldin vera 90 mm. á hæð og stafir minni í sama hlutfalli.

Atvinnumálaráðuneytið sér um tilbúning umdæmistölumerkja og leggur þau til skoðunarmönnum, en þeir skulu, hver í sínu umdæmi, sjá um útvegun og endurnýjun umdæmismerkja á bifreiðar þær, er þeir skoða og greiði eigandi vagnsins þeim andvirði þeirra við pöntun, eins og það verður ákveðið af ráðuneytinu.

Jafnóðum og endurnýja þarf umdæmis tölumerki á skrásettum bifreiðum, skal nota til þess eingöngu merkispjöld þau, er að framan greinir. Eftir 1. júlí 1939 skal eingöngu nota merkispjöld af þessari gerð.

Pó skal eigendum þeirra bifreiða, sem eru einkenndar með merkinu RE, skylt að afla sér nú þegar ofangreindra merkja.

2. Hvorki framan eða aftan á bifreið mega vera nokkur önnur merki eða stafir, sem að álið skoðunarmanns geta glapið eða villt lögreglumanni sýn, þegar greina þarf merki bifreiðarinnar.

Leyfa má skoðunarmaður merki, stafi eða auglýsingar á hliðum bifreiða og inni í þeim. Pó ekki á glerrúðum þar sem ökumaður þarf að sjá út um. Verði ágreiningur, sker lögreglustjóri úr.

3. Umboðsmenn bifreiðaverksmíðja og eigendur bifreiðaverkstæða, geta fengið reynslutölumerki hjá lögreglustjóra. Skulu þau vera hvít með rauðum stöfum, en að öðru leyti eins og önnur bifreiðamerki. Má nota þessi reynslutölumerki á bifreiðar, sem eru til sölu og ekki eru skráðar með venjulegu tölumerki, einungis þegar verið er að sýna þær eða prófa og aðeins innan sama lögsagnarundæmis. Skulu þær hvað trygging bifreiðar og ökumanns snertir, og að öðru leyti vera háðar sömu reglum, sem gilda um aðrar bifreiðar. Enginn, sem slik tölumerki hefir, má nota þau á sömu bifreið lengur en einn mánuð.

4. Þurfi að flytja bifreið milli geymslustaða meðan tölumerki hennar eru í vörzlum lögreglustjóra, á eigandi rétt að fá afhent tölumerkin kostnaðarlaust, enda sé þeim skilað aftur til lögreglustjóra samdægurs.

Gerð skýlis og umbúnaður.

4. gr.

1. Stýrishús á vörubifreiðum og allar aðrar yfirhyggingsar á þær fyrir fólk eða varning, skulu vandlega gerðar úr góðu efni. Skulu þær gerðar í samráði við skoðunarmann bifreiða.

2. Rúðugler öll í vörubifreiðum og fólksbifreiðum skulu vera að minnsta kosti 5 mm. þykk, og framrúðan úr ógölluðu sléttslípuðu gleri. Þær skulu vera óskaddaðar og ætíð svo hreinar sem unnt er.

Á öllum bifreiðum, þar sem því verður við komið, skal vera nægilega kraftmikil glerþurrka, sem, þegar regn eða úrkoma er, heldur framrúðunni vel hreinni á hæfilega stóru svæði fyrir framan ökumanninn, þannig að hann hafi gott útsýni fram yfir veginn.

Á öllum fólksbifreiðum, sem stærri eru en 7 manna og á þeim bifreiðum, sem

72 notaðar eru til nemendaaksturs, skal vera tvöföld glerþurrka, sem heldur öllu glerinu
24. júní hreinu fram undan báðum þeim, sem í framsætinu sitja.

3. Hurðir allar og læsingar á þeim skulu vera svo gerðar, að auðvelt sé að opna þær og loka þeim bæði að utan og innan, en ekki mega þær vera kvíklæstar.

4. Hjólhifur, stigborð, vélarhlif og annað sem utan á bifreiðinni er, skal vera vel fest, svo að sem minnstur hávaði verði er bifreiðin er á ferð. Einnig skal á öllum 4-hjóla bifreiðum vera góður og gallalaus hljóðdeyfari.

Stöðvun bifreiðar í beygjum og halla. Bifreið dregin af annari.

5. gr.

1. Enginn má halda kyrru fyrir með bifreið, þar sem veruleg bugða er á vegnum, né þar sem vegurinn er svo mjór, að örðugt er að aka fram hjá.

Pegar ökumaður yfirgefur bifreið, skal hann jafnan gæta þess, að rafmagnsmælirinn í tækjaborðinu sé í lagi.

2. Þegar numið er staðar í brekku eða halla, og ökumaður þarf að fara út úr bifreiðinni, er honum skylt að ganga þannig frá henni, að ekki sé hætta á að hún renni undan brekkunni. Skal þá með skiptistönginni sett í öruggt gangskiptihjólasamband mótsætt við hallann og handhemillinn því næst láttinn fullþvinga að. Þegar bifreið er skilin eftir á slikum stað, skal henni kæst svo að óviðkomandi geti ekki sett vél hennar í gang eða hreyft bifreiðina úr stað.

3. Þegar bifreið er dregin af annari bifreið, skal farið hægt og gætt allrar varúðar. Þegar dimmt er, skulu ljós tendruð á báðum bifreiðunum. Hraðinn má ekki vera meiri en 20 km. á klukkustund.

Pegar bifreið dregur vagn, skal fara hægt og gæta fullrar varúðar.

Ljósaumbúnaður og beiting ljósa.

6. gr.

1. Á hverri bifreið skulu vera, þegar dimmt er, tvö tendruð ljósker, jafnskar. Ljóskerin skulu vera með litlausu gleri sléttu eða hrufóttu sitt á hvorri hlíð bifreiðarinnar framan til og í sömu hæð, og lýsa svo, að ökumaður sjái að minnsta kosti 20 metra fram á veginn. Aftan á bifreiðinni skal vera eitt ljósker með rauðu gleri, sem ber skæra birtu á tölumerki vagnsins, skal glerið vera svo dökkt, að ekki villi þeim sýn, sem á eftir er og greina þarf merki bifreiðarinnar.

Skylt er ökumanni að halda öllum ljósaumbúnaði vel við, og hafa hann ætið sem tryggastan.

2. Þegar ekið er með ljósum þar sem götuljós eru og umferð er, svo og þegar bifreiðar mætast, skulu ljós deyfð, svo að þau blindi ekki vegfarendur eða villi þeim sýn, er á móti koma. Ekki má slökkva og tendra ljósin á víxl þegar mætzt er. Ef bifreið heldur kyrru fyrir meðan mætzt er, skal deyfa ljósin eða slökkva.

3. Bishjól þurfa ekki að hafa nema eitt ljós að framan í dimmu, og skal vera hægt að deyfa það á saman hátt og að framan greinir um ljós á bifreiðum.

Ef bishjól er með hlíðarvagni (þrihjólabifreiðar), skal vera skær glerkúla eða fagur glitrandi málmlötur framan á hlíðarvagninum.

Hlass vörubifreiða og flutningur fólks með þeim.

7. gr.

1. Hlass, sem flutt er á bifreiðum, má ekki vera þyngra en svo, að örugt sé, að bifreiðin bera það um þá veki og brekkur, sem henni er ætlað að fara. Skal því vel fyrir komið og fest svo að ekki haggist. Verði ekki komið hjá því að æki þurfi að dragast við jörðu eða ná út af vörupallinum til hlíðanna, ber ökumanni að fara

varlega, víkja vel fyrir annari umferð og sjá svo fyrir, að ekki þurfi að mætast eða fara fram hjá nema þar, sem nægileg breidd er til bess.

72

24. júní

Þegar flutt er hlass, sem nær aftur af palli bifreiðar, eða háfermi, svo sem hey eða þ. u. l. eða ef fluttur er lisandi peningur, skal gæta sérstakrar varúðar. Þess skal ætíð gætt, að ekki komi of mikill þungi fyrir afturóxul, þannig að hætta sé á, að bifreiðin vegist upp að framan, eða, ef um háfermi er að ræða, að bifreiðin eða hlassið falli til hliðar. Þegar um sauðfjár- eða gripaflutning er að ræða, þá skal hafa traustan og nægilegu háan grindaumbúnað eða pallhlifar kring um gripina, og stílað með milligerðum þvers um yfir pallinn á einum eða fleiri stöðum, svo að fé troðist ekki undir og svo um búið, að gripir eða fénaður geti ekki sloppið úr, eða meiðst á nokkurn hátt, enda sylgi maður með, annar en ökumaður, sem gætur hefir á flutningnum.

2. Á vörubifreiðum, sem hafa pall á hjörum, skal pallinum fest við vagngrindina að framan með sérstökum öruggum útbúnaði, sem ekki getur opnatz, og hlassið þannig steypi aftur fyrir sig. Sérstaklega skal þessa gætt, ef bifreiðin er notuð til fólksflutninga endrum og sinnum.

3. Þegar bifreiðastjóri hefir leyft einhverjum að sitja eða standa á palli vörubifreiðar eða ofan á aeki, skal hann gæta sérstakrar varúðar.

4. Þurfi hjálparmenn við vörusflutninga að vera fleiri en leyft er að vera inni í stýrishúsínu samkvæmt skoðunarmvottorði bifreiðarinnar, skulu vera traustar höldur á efri brún stýrishússins að aftan, fyrir mennina að halda sér í. Skal þá ökumaður og einnig þeir, sem á pallinum eru, gæta allrar varúðar, sérstaklega á beygjum og þar sem sleipt er eða hliðarhalli og brekkur, sömuleiðis þar sem farið er út eða inn um hlið og því um líkt.

5. Þegar farþegar eru fluttir á vörubifreiðum, skal vera traustur sætaumbúnaður, nægilega vel festur við pallinn með að minnsta kosti fjórum $\frac{1}{2}$ þml. gildum skrifboltum, en pallurinn festur eins og fyr segir. Þess skal gætt, að farþegar hafi nægilega góðan stuðning til hliðanna svo ekki sé hætta á að þeir detti út af. Skulu slik sæti, hús eða byrgi, vera gerð í samráði við skoðunarmenn bifreiða og skera þeir úr, hvort þau megi nota og hve marga farþega flytja í þeim, enda heyra þau undir skoðun jasnt og sjálf bifreiðin.

Um aðgæzlu, er bifreiðar mætast og þegar stigið er út úr bifreið.

Flutningur sprengiefnis.

8. gr.

1. Þegar bifreiðar mætast, eða bifreið ekur fram hjá annari, er stendur kyr, er farþegunum bannað að vera með höfuð út um glugga eða róttu út hönd eða annað, sem snert getur bifreið þá, er fram hjá fer. Skylt er farþegum að hlýða syrirmælum ökumanns um þetta atriði.

Enginn má opna hurð eða stökkva út úr bifreiðinni, fyr en hún hefir verið slöðvuð og ökumaður gefur leyfi til þess.

Þess skal gætt þar sem umferð er, eða getur átt sér stað, að farþegar fari út og inn í bifreið vinstra megin, gangstéttarmegin, eða um þá hlið vagnsins, sem snýr frá umferðinni.

Skylt er farþegum að gæta varúðar og hlýða syrirmælum ökumanns þar að lútandi.

2. Þegar bifreiðar mætast í brekku, þar sem vegurinn er mjór eða hættulegur, skal sú bifreiðin, sem fer niður brekkuna, vægja fyrir hinni, minka ferð eða slöðva alveg ef þörf gerist, þar sem hægt er að mætast.

3. Enginn má flytja sprengiefni í bifreið, þar sem farþegar eru, og ekki flytja með sér byssu hlaðna skoti (þúðri, höglum eða kúlu).

1937

130

72

24. júní Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—500 kr. nema þyngri hegn-
ing liggi við eftir öðrum lögum.
Mál út af brotum sæta sömu meðferð og almenn löggreglumál.

9. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð nr. 67 frá 28. apríl 1915
um bifreiðar og próf fyrir bifreiðastjóra.

10. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 70, 8. september 1931, og
birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að málí.

Atvinnu- og sumgöngumálaráðuneytið, 24. júní 1937.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

73

15. júlí

S A M P Y K K T

um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað.

1. gr.

Sölubúðum á Akureyri skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. sam-
þykktar þessarar.

2. gr.

Á manudögum, þriðjudögum, miðvikudögum, fimintudögum og laugardögum
skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 6 siðdegis og á föstudögum
eigi síðar en kl. 8 siðdegis og eigi opnað aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag.
Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardagana fyrir pásku og hvítasunnu skal
sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 siðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum
til kl. 11 siðdegis.

Á tímabilinu frá 15. júní til 15. september skal á laugardögum loka sölubúðum
eigi síðar en kl. 1 siðdegis.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í þaenum eða útlit fyrir að skortur geti
ordið á því, þá er hæjarstjórninni heimilt að ákveða að sölubúðum skuli um lengri
eða skemini tíma lokað fyrr eða opnaðar seinna en samþykkt þessi ákveður.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta
mánudag í ágúst og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skulu einfremur
þessar undantekningar:

Brauð- og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sum-
ardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og 1. desember frá kl. 11 f. h. til kl. 3 e. h., eingöngu
til sölu á brauðvörum, mjólk og mjólkurvörum. Ákvæði samþykktarinnar nái ekki
til lyfjabúða.